

REGLUR UM ENDURSKOÐUNARNEFND ÖLMU ÍBÚÐAFÉLAGS

1. GR. ENDURSKOÐUNARNEFND

Endurskoðunarnefnd starfar undir stjórn Ölmú íbúðafélags hf., kt. 611013-0350 (hér eftir „félagið“). Reglur þessar byggja á IX. kafla A. laga nr. 3/2006 um ársreikninga og eru gerðar með hliðsjón af leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja.

2. GR. NEFNDARMENN

Endurskoðunarnefnd er skipuð af stjórn félagsins eigi síðar en mánuði eftir aðalfund. Nefndarmenn skulu vera þrír og óháðir endurskoðanda félagsins. Formaður nefndarinnar skal vera óháður félaginu og skulu framkvæmdastjóri félagsins og aðrir stjórnendur þess ekki eiga sæti í nefndinni.

Nefndarmenn skulu búa yfir viðeigandi þekkingu og reynslu og skal að minnsta kosti einn þeirra hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila og endurskoðunar.

Nefndarmenn eru bundnir trúnaði um hver þau málefni sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem nefndarmenn. Þagnarskyldan helst þó látið sé af störfum fyrir félagið.

3. GR. HLUTVERK ENDURSKOÐUNARNEFNDAR

Hlutverk endurskoðunarnefndar nær til Ölmú íbúðafélags og félaga innan samstæðu Ölmú íbúðafélags. Endurskoðunarnefnd ber ábyrgð á eftirfarandi verkefnum:

1. Endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga og fer yfir áætlun ytri endurskoðanda og vinnuferla við reikningsskil.
2. Endurskoðunarnefnd metur óhæði ytri endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis. Hvað þetta varðar ber endurskoðanda árlega að gera endurskoðunarnefnd grein fyrir störfum sínum og óhæði, og skila skriflegri skýrslu um mikilvæg atriði sem fram hafa komið við endurskoðunina.
Endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með því að stjórn félagsins tryggi að innra eftirliti og áhættustýring sé í samræmi við stefnu félagsins. Í því felst m.a. að fyrirkomulag innra eftirlits sé formlegt, skjalfest og að framkvæmdar séu reglulegar úttektir á áhættuþáttum félagsins og ferli við að stýra þeim.
3. Til að sinna þessu hlutverki hefur endurskoðunarnefnd óheftan aðgang að öllum gögnum félagsins sem nauðsynleg eru. Starfsmönnum, stjórnarmönnum og endurskoðendum ber að aðstoða endurskoðunarnefnd við að nálgast þessi skjöl. Afrit af upplýsingabeidnum skulu berast framkvæmdastjóra.

Hlutverk endurskoðunarnefndar takmarkast við ofangreind verkefni. Nefndin ber þar af leiðandi ekki ábyrgð á reikningsskilum eða endurskoðun ársreiknings þar sem það fellur undir hlutverk stjórnar og framkvæmdastjóra.

4. GR. FUNDIR

Formaður endurskoðunarnefndar boðar nefndina á fundi og stýrir þeim. Endurskoðunarnefnd ber að starfa samkvæmt starfsáætlun sem hún setur sér fyrir hvert starfsár. Nefndin skal að jafnaði funda á hverjum ársfjórðungi til að fara yfir ársfjórðungsuppgjör og ársreikninga. Formanni nefndar ber að boða nefndarmenn á fundi ef einhver nefndarmanna, stjórnarformaður félagsins, endurskoðandi eða framkvæmastjóri krefst þess.

5. GR SAMSKIPTI VIÐ STJÓRN

Endurskoðunarnefnd skal árlega skila skýrslu um störf sín til stjórnar félagsins. Þá hefur stjórn aðgang að svæði endurskoðunarnefndar á vefgátt félagsins.

6. GR. ENDURSKOÐUN Á REGLUM OG SAMÞYKKI STJÓRNAR

Stjórn samþykkir starfsreglur endurskoðunarnefndar þann 14. september 2021.